

Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

SÍMI/TEL: +354 552 4000
FAX: +354 562 3629
netfang/e-mail: lhi@lhi.is

Reykjavík 28. ágúst 2007

Efni: Umsögn um skýrslu sérfræðinefndar um viðurkenningu á fræðasviði lista

Listaháskólanum hefur borist skýrsla sérfræðinefndar menntamálaráðuneytisins um viðurkenningu til handa skólanum á fræðasviði lista, sem skólinn sótti um með umsókn dags. 1. mars 2007. Í bréfi ráðuneytisins, dags. 31. júlí, er þess óskað að athugasemdum við efni skýrslunnar verði skilað til ráðuneytisins innan 4ra vikna.

Stjórn Listaháskólans, deildarforsetar og helstu stjórnendur hafa yfirfarið skýrslu sérfræðinefndarinnar. Skýrslan er að áliti skólans vel unnin í öllum helstu atriðum og í flestu farið rétt með upplýsingarnar sem nefndin hafði til að vinna úr. Sérstaklega fagnar skólinn þeirri afdráttarlausu niðurstöðu nefndarinnar að Listaháskólanum skuli veitt viðurkenning sem háskóli á fræðasviði lista *án skilyrða*. Þessi niðurstaða er stór áfangi í sjálfu sér því um það er að ræða að öll stofnunin er lögð undir í mati nefndarinnar og horft samtímis á alla þætti starfseminnar.

Í því samhengi, að sérfræðinefndin telur skólann standast mat gagnvart öllum þáttunum sem skilgreindir eru í leiðbeiningum ráðuneytisins um gerð umsókna, telur stjórn skólans í raun óþarft að gera athugasemdir við einstakar ályktanir sem orka tvímælis eða byggja á misskilningi matsmanna á afmörkuðum þáttum starfseminnar. Fyrir skólann er mestur fengurinn að fá hin glöggu augu gestanna til að skoða skólann utanfrá og gefa okkur ráð um hvernig við getum áfram staðist samanburð við bestu háskóla á okkar sviði og samtímis haldið uppbyggingunni áfram.

Skýrsla sérfræðinefndarinnar og væntanleg viðurkenning menntamálaráðherra á starfsemi skólans markar tímamót í sögu Listaháskólans. Ekki eru nema sjö ár síðan skólinn hóf starfsemi sína, en hann þó samt metinn nú sem fullburða háskólastofnun með allri þeirri fjölbreytni sem slík stofnun þarf á að halda. Mikilvæg verkefni eru framundan, sem nefndin leggur sérstaklega áherslu á, s.s. uppbygging meistaranáms, skilgreining rannsókna, nýtt skólahúsnæði, og sterkari fjárhagsgrundvöll, en ekki síst þarf skólinn að mati nefndarinnar að horfa til framtíðar með þeim augum að nú er hann kominn af fyrsta vaxtaskeiði og framundan er nýtt þroskatímabil sem felur í sér styrkingu, aukna festu og jafnvægi.


Nefndin telur að skólinn eigi gríðarlega möguleika til að skapa sér sérstöðu á alþjóðlegum grundvelli og vísar þar sérstaklega til möguleika hans til þverfaglegs náms og rannsókna sem

byggja á sérstöðu íslenskrar menningar og mannlífsins sem hér þrífst. Skólinn sé í mjög góðum tengslum við listalífið í landinu og því mikilvægt að rækta áfram samstarf við listafólk og sérfræðinga utan hans samtímis því að bætt verði við þann kjarna af listafólki og kennurum sem hefur sinn fulla starfa innan skólans. Þá ekki síst skorar nefndin á skólann að hafa nú sem hingað til gildi frumlegrar sköpunar að leiðarljósi í allri hugsun sem að baki býr.

Stjórn skólans, rektor, og aðrir stjórnendur þakka menntamálaráðuneytinu fyrir gott samstarf við undirbúning umsóknar skólans, og sérfræðingunum og starfsmanni nefndarinnar fyrir skemmtilegar og uppörvandi samræður og skoðanaskipti í ferlinu sem skýrslan er unnin. Sjálfsagt má marga læra af reynslunni, en þó er mikilvægast að niðurstöðurnar og ábendingarnar sem öll þessi vinna hefur skilað verði nýttar til framþróunar skólans og áframhaldandi uppbyggingar lista- og menningarlífs í landinu.

Listaháskólinn kallar á ráðuneytið til samtals um efni skýrslunnar og óskar eftir að því verði fundið fast form hvernig unnið verður úr efni hennar.

Virðingarfyllst


Hjálmar H. Ragnarsson
rektor